

Föstudaginn 20. janúar 1956.

Nr. 181/1955. Jón Guðmundsson
 gegn
 Kristjáni Eiríkssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vanreifun. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. nóvember 1955, sem hing-
 að barst 9. desember sama ár, skotið til Hæstaréttar hinum
 kærða frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var
 kveðinn 17. nóvember 1955. Krefst hann þess, að hinn kærði
 dómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt
 að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði stað-
 festur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sókn-
 araðilja eftir mati Hæstaréttar.

Kröfuliður sá, sem vísað var frá dómi í héraði í gagnsök-
 inni, er mjög vanreifaður, en af gögnum málsins er ljóst, að
 sóknaraðilja var unnt að gera nánari grein fyrir honum. Með
 því að sóknaraðili varð ekki við þeim tilmælum héraðsdóm-
 ara að reifa kröfulið þenna til hlítar, ber að staðfesta hinn
 kærða frávísunardóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til
 að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Guðmundsson, greiði varnaraðilja,
 Kristjáni Eiríkssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að
 viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., hefur Kristján Ei-
 ríksson hdl., Laugavegi 27, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu
 með stefnu, út gefinni 30. september 1952, gegn Jóni Guðmunds-

syni veitingamanni, Hjallavegi 21, hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 10.000.00, með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt staðfestingar á löghaldi, er lagt var á húseignina Bárugötu 15, Akranesi, hinn 27. september 1952 til tryggingar hinni umstefndu skuld.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómars. Jafnframt hefur hann krafizt þess, að fyrrgreind löghaldsgerð verði felld úr gildi.

Með stefnu, út gefinni 3. október 1952, höfðaði stefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 10.000.00. Hefur gagnstefndi krafizt þess, að þeirri fjárhæð verði skuldajafnað við kröfu aðalstefnanda í aðalsök.

Í gagnsök hefur gagnstefndi krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómars.

Málavextir eru þeir, að með makaskiptasamningi, dags. 15. apríl 1949, seldi aðalstefndi Óskari nokkrum Eggertssyni húseignina Bárugötu 15, Akranesi, og skyldi kaupverðið meðal annars greitt með því, að Óskar þessi tók að sér greiðslu á ýmsum skuldum aðalstefnda. Meðal skulda þessara var skuld samkvæmt víxli, upphaflega að fjárhæð kr. 160.000.00, en samkvæmt makaskiptasamningnum að eftirstöðvum kr. 35.000.00, og var skuld þessi tryggð með 2. veðrétti í hinni seldu húseign. Síðar kom í ljós, að eftirstöðvar víxils þessa voru kr. 45.000.00, og með framsali, dags. 26. september 1952, framseldi Óskar Eggertsson aðalstefnanda kröfu sína á hendur aðalstefnda um endurgreiðslu á mismun fjárhæða þessara, eða kr. 10.000.00, sem er stefnukrafan í aðalsök.

Aðalstefndi hefur viðurkennt, að hann hafi af misminni, er umræddur makaskiptasamningur var gerður, talið, að eftirstöðvar fyrrgreinds víxils væru kr. 10.000.00 lægri en rétt var. Hins vegar hafi hann til þess að bæta úr mistökum þessum tvisvar greitt afborganir af tveimur tilgreindum víxlum, er Óskar Eggertsson samkvæmt makaskiptasamningnum hafði tekið að sér skilvíska greiðslu á, en eigi getað innt af hendi á réttum gjalddögum vegna fjárhagsörðugleika. Fyrri afborgunin hafi verið af víxilskuld við Búnaðarbanka Íslands samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 45.000.00, með gjalddaga 20. maí 1949 (dskj. 4 og 7, 2. tl. A, d). Afborgun þessi ásamt vöxtum og kostnaði hafi numið kr. 6.013.35. Síðari afborgunin hafi verið af víxilskuld við Landsbanka Íslands samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 50.000.00, er féll í gjalddaga 18. maí 1949. Þessi afborgun ásamt vöxtum og kostnaði hafi numið kr. 6.775.20. Þannig hafi aðalstefndi greitt samtals kr. 12.788.55

fyrir aðalstefnanda, og eru kr. 10.000.00 af þeirri fjárhæð stefnu-
krafan í gagnsök. Aðalstefnandi hefur viðurkennt, að aðalstefndi
hafi innt af hendi fyrri afborgunina fyrir Óskar Eggertsson, en
telur, að aðalstefndi skuldi Óskari hins vegar ýmsar kröfur frá
fyrri hluta árs 1949, og hafi það verið ætlun þeirra, Óskars og
aðalstefnda, að kröfur þessar kæmu til skuldajafnaðar við fyrr-
greinda víxilafborgun. Óskar Eggertsson hefur verið leiddur sem
vitni í málinu. Hefur hann skýrt svo frá um þetta atriði, að hann
og aðalstefndi hafi rekið hótelið á Akranesi í sameiningu frá 8.
marz 1949 til 14. apríl s. á., og eigi gagnstefnandi honum skuldir
að gjalda vegna þess sameiginlega rekstrar. Er honum lauk, hafi
gagnstefnandi talið, að sameiginlegar skuldir af rekstri gistihúss-
ins væru kr. 1.000.00 og skyldi vitnið taka að sér greiðslu þeirra.
Síðar hafi þó komið í ljós, að skuldir þessar námu mun hærri
fjárhæð, eða um kr. 10.000.00. Skuldir þessar allar kveðst vitnið
hafa greitt, en enga endurgreiðslu fengið frá gagnstefnanda. Þá
telur vitnið, að gagnstefnandi skuldi því fyrir fæði tveggja barna
fósturdóttur gagnstefnanda svo og fyrir fæði 16 ára stúlku, er
gætti barna þessara, fyrir tímabilið 8. marz til 12. apríl 1949, en
fólk þetta hafi borðað í gistihúsinu án endurgjalds. Telur vitnið,
að gagnstefnandi eigi að greiða fæði þess a. m. k. að helmingi.

Afborgun af víxilskuld þeirri við Landsbanka Íslands, að fjár-
hæð kr. 50.000.00, sem fyrr getur, telur aðalstefnandi Óskari Egg-
ertssyni óviðkomandi, þar sem þar hafi eigi verið um skuld hans
að ræða heldur gagnstefnanda sjálfs. Hefur aðalstefnandi lagt
fram endurrit úr veðmálabókum Akraness af umræddum maka-
skiptasamningi (dskj. 4). Eru skuldir þær, sem Óskar Eggertsson
tók að sér að greiða samkvæmt samningi þessum, taldar upp undir
tl. 2, staflíð A, a—d. Segir svo orðrétt á dskj. 4 um þetta:

„A. Tekið að sér skilvísa og skaðlausa greiðslu á eftirtöldum
skuldum seljanda:

- a. Skuld við Sparisjóð Mýrasýslu, Borg-
arnesi, upphaflega að upphæð kr.
85.000.00, en nú að eftirstöðvum kr. 72.250.00
- b. Skuld við handhafa víxils, upphaflega
að upphæð kr. 160.000.00, en nú að eft-
irstöðvum kr. 35.000.00, en skuld þessi
er tryggð með 2. veðrétti í hinni seldu
fasteign (en skuldin undir lið a hér að
ofan er tryggð með 1. veðrétti í hinni
seldu fasteign) kr. 35.000.00
- c. Víxilskuld seljanda í Landsbanka Ís-

lands samkvæmt vixli, útg. þann 17. nóv. 1948.

- d. Vixilskuld seljanda í Búnaðarbanka Íslands samkv. vixli, útg. 19/11 1948 af Magnúsi Guðmundssyni og samþykktur af Jóni Guðmundssyni til greiðslu 20. maí 1949, að fjárhæð kr. 45.000.00

Samtals kr. 202.250.00“.

Gagnstefnandi hefur lagt fram afrit makaskiptasamningsins (dskj. 7). Sýnist það samhljóða dskj. 4 að öðru en því, að liður 2, A, c, á dskj. 7 hljóðar svo: „Vixilskuld seljanda í Landsbanka Íslands samkvæmt vixli, útg. þann 17. nóv. 1948 af Magnúsi Guðmundssyni, með gjalddaga 18. maí 1949, að fjárhæð kr. 50.000.00“. Varðandi skuld þessa hefur Óskar Eggertsson skýrt svo frá, að honum sé með öllu ókunnugt um hana, og kveðst hann aldrei hafa greitt neitt af vixli þessum. Hins vegar getur hann enga skýringu á því gefið, hvers vegna samanlögð fjárhæð skulda þeirra, sem hann samkvæmt framansögðu tók að sér greiðslu á, nemi kr. 202.250.00.

Þar sem dómariinn telur frávísunaratriði koma fram í gagnsökinni, þykir með skírskotun til 108. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Aðalstefnandi hefur, eins og fyrr getur, mótmælt því, að afborgun af vixilskuld þeirri við Landsbanka Íslands, sem að framman getur, verði skuldajafnað við kröfu hans í aðalsök, þar sem hér sé um skuld aðalstefnda sjálfs að ræða, sem Óskar Eggertsson hafi aldrei tekið að sér að greiða. Aðalstefndi hefur látið hjá líða að koma fyrir dóm til að tjá sig nánar um kröfu þessa, þrátt fyrir áskorun aðalstefnanda og ábendingar dómarans um nauðsyn þess. Með tilliti til þess og þar sem krafa þessi er vanreifuð, þykir með vísan til 116. gr. laga nr. 85/1936 bera að vísa þessum hluta gagnsakarinnar frá dómi ex officio, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu gagnstefnanda í gagnsök er vísað frá dómi ex officio. — Málskostnaður falli niður.